




Félags yfirlöggregluþjóna

Ísafirði 12.maí 2024

Háttvirtir alþingismenn í Fjárlaganefnd

Umfjöllunarefnið er umsögn Félags yfirlöggregluþjóna á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029 og kemur í kjölfar aðalfundar félagsins og málþings þangað sem öllum flokkum er sitja á Alþingi var boðið.

Um stöðu löggreglunnar má segja að þar brenni nær allir endar. Fjöldi löggreglumanna í landinu er svipaður og fyrir árið 1990 þrátt fyrir að íbúum landsins hafi fjölgað um 60% á sama tíma. Sú fjölgun sem sést í tolum Fjársýslunnar árið 2022 (sjá töflu hér að neðan) um fjölda löggreglumanna úr 700 í 760 er í raun fækkuð um 10 þar sem 70 löggreglumönnum var bætt við árið 2022 vegna styttunar vinnuviku vaktavinnufólks. Sem sagt ekki auka klukkustund að auki inn í löggæsluskipulagið við þessa „fjölgun“.



Í dag stendur lögreglan á Íslandi frammi fyrir fordæmalausum áskorunum. Öryggisumhverfið í Evrópu hefur gjörbreyst á skömmum tíma og nágrannaríki okkar verja nú miklum fjármunum til varnar- og öryggismála. Íslenska lögreglan gegnir lykilhlutverki í vörnum landsins. Hryðjuverkaógn hefur aukist í Evrópu og alþjóðleg hryðjuverkasamtök hafa hvatt til árása á vestraen ríki. Birtingarmyndir alvarlegrar brotastarfsemi á Íslandi birtast í risastórum halldlagningum fíkniefna, fjöldahandtökum vegna mansals, aukningu í ofbeldi og gríðarlegrí aukningu í vopnatilkynningum. Ungmenni á Íslandi eru nú meðal hópa sem eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu hvað þetta varðar og ofbeldismálum þar sem ungmenni eru annar aðili máls eða báðir fjölgar allt of ört.

Hægt er að orða það þannig að auknum verkefnum og breyttum viðfangsefnum löggreglunnar hafi hingað til verið mætt með „millifærslum“ í innra skipulagi þar sem nýjum áskorunum er mætt með niðurskurði annars staðar.



Félag yfirlöggreglubjóna

Löggreglumönum er rannsaka kynferðisbrot, heimilisofbeldi, efnahagsbrot, skipulagða brotastarfsemi hefur verið fjölgað með sérstökum fjárveitingum. Frá árinu 1990 er búið að fjölga í Sérsvéit um 40, um 20 löggreglumenn í Öryggisdeild sem sér um víðtæka gæslu á æðstu stjórn ríkisins og Alþingi, 15 löggreglumenn í Stoðdeild sem hefur það hlutverk að finna og flytja fólk út sem hefur ekki farið af fúsum og frjálsum vilja, um 20 löggreglumenn við embætti Héraðssaksóknara. Þá hafa áskoranir í landamæralöggæslu aukist mjög samfara fjölgun ferðamanna svo eithvað sé nefnt. Þetta eru allt gríðarlega mikilvæg og nauðsynleg verkefni en heildartala löggreglumanna í landinu alltaf sú sama.


Langflest þessara stöðugilda hafa komið úr útkallslöggæslunni. Þar eru í dag allt of fáir löggreglumenn á vakt og menntunarhlutfall þeirra þ.e. útskrifaðir löggreglumenn frá 50-60% eftir dögum.

Þegar við vísum til þessara svo kölluðu millifærslna erum við alls ekki að halda því fram að eitthvert löggreglulið, einhver deild eða einhver málaflokkur óþarfur eða ofalinn. Þeir sem stjórna rannsóknum skipulagðrar brotastarfsemi þurfa að velja málín sem „garga hæst“ eða mál sem þeir treysta sér í vegna umfangs miðað við hve margir eru lausir á þeim tíma. Þeir sem stjórna hefðbundnum rannsóknardeildum eru endalaust að forgangsraða málum innan marka fyrirmæla ríkissaksóknara um forgangsröðun mála eða forgangsraða forgangsmálum. Enn fara löggreglumenn á landsbyggðinni ómenntaðir, einir í útköll og svona væri hægt að halda áfram. Viðbragsstyrkurinn í landinu öllu er allt of líttill, staðan er komin langt niður fyrir það sem er skynsamlegt og öruggt.

Til upprifjunar fylgir hér með umsögninni skýrsla sem unnin var árin 2012-2013 af Innanríkisráðuneytinu, þverpolítískt ásamt embætti ríkislöggreglustjóra og Landssambandi löggreglumanna en þar var niðurstaðan að árið 2017 ættu löggreglumenn að vera 860 löggreglumenn hið minnsta sem væri með þeim fjölda sem fylgdi styttingu vinnuviku 930 löggreglumenn. Að mati félagsins væri 930 löggreglumenn góð byrjun en mörg verkefnanna sem hér hafa verið tilunduð hafa ratað til löggreglunnar eftir árið 2013 og kalla á frekari styrkingu hennar.

Svarið við þessari grafalvarlegu stöðu er alls ekki frekari niðurskurður. Þvert á móti þarf að auka verulega fjárveitingar til löggreglunnar með það að markmiði að henni sé mögulegt að tryggja almanna- og þjóðaröryggi.

Þá er það mat félagsins að það ætti að setja lögregluna á stall með heilbrigðis- og menntakerfinu og undanskilja hana frá almennri niðurskurðarkröfu.


Fyrir hönd félags yfirlöggreglubjóna,
Hlynur Hafberg Snorrason formaður

Skyrsla

innanríkisráðherra um störf nefndar um um grundvallarskilgreiningar löggæslu á Íslandi og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland.

(Lögð fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.)

Innanríkisráðherra leggur hér með fram skýrslu til kynningar á Alþingi um niðurstöðu nefndar, sem skipuð var á grundvelli þingsályktunartillögu um grundvallarskilgreiningar löggæslu á Íslandi og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland sem var samþykkt á Alþingi 19. júní 2012. Var innanríkisráðherra falið að skipa nefnd hagsmunaaðila og fulltrúa allra þingflokkja á Alþingi um grundvallarskilgreiningar á löggæslu og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland. Nefndin tók til starfa í nóvember 2012 er allar tilnefningar höfðu borist frá þingflokkum. Jafnframt er kveðið á um að ráðherra leggi tillögu til þingsályktunar um löggæsluáætlun fyrir Alþingi eigi síðar en 1. mars 2013.

Af hálfu þingflokkanna eiga sæti í nefndinni: Siv Friðleifsdóttir, alþingismaður, tilnefnd af þingflokk Framsóknarflokksins, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, alþingismaður tilnefnd af þingflokk Sjálfstæðisflokkssins, Sjöfn Kristjánsdóttir, héraðsdómslögmaður, tilnefnd af þingflokk Hreyfingarinnar, Arndís Soffía Sigurðardóttir, lögfræðingur, tilnefnd af þingflokk Vinstri hreyfingarinnar-græns framboðs, Jónína Rós Guðmundsdóttir, alþingismaður, tilnefndur af þingflokk Samfylkingarinnar en auk þeirra sitja í nefndinni Snorri Magnússon, formaður Landssambands löggreglumannar, tilnefndur af Landssambandi löggreglumannar, Haraldur Johannessen, ríkislöggreglustjóri, tilnefndur af embætti ríkislöggreglustjóra. Skúli Þór Gunnsteinsson, lögfræðingur og Þórunn J. Hafstein, skrifstofustjóri tilnefnd af innanríkisráðherra og er Þórunn jafnframt formaður nefndarinnar.

Þar sem nefndin hóf ekki störf fyrr en síðla árs 2012 var það niðurstaða nefndarinnar að ekki væri hægt að ljúka gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland fyrir tilsettán tíma enda um mjög krefjandi verkefni að ræða. Brýnt væri hins vegar að beina sjónum Alþingis að stöðu löggæslu í landinu sem væri grafalvarleg.

Nefndin ákvað því að skila til ráðherra skýrslu um eflingu löggreglunnar, sem ætlað er að vera leiðarljós um endanlega gerð löggæsluáætlunar og stefnumarkandi fyrir vinnu að löggæslu- og verkefnaáætlun samkvæmt þingsályktunartillögu um grundvallarskilgreiningar löggæslu á Íslandi og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að stórefla þurfi löggregluna og þyrfti að að hækka þyrfti framlög til hennar um alls 3.5 milljarða króna, umfram verðlagshækkanir fjárlaga.. Í ljósi þeirrar fækkunar sem orðið hefur í löggregluliðinu og í ljósi verkefna löggreglunnar er það niðurstaða nefndarinnar að fjölga þurfi löggreglumönnum frá því sem nú er um allt að 236, bæta menntun þeirra og þjálfun og auka búnað löggreglunnar. Við skýrslugerðina er gengið út frá þeirri forsendu að tillögur sem nú liggja fyrir Alþingi um aðskilnað löggreglustjórnunar frá embættum sýslumanna og fækkun umdæma í átta nái fram að ganga.

Þá er einnig gengið út frá þeirri forsendu að Alþingi samþykki verulega hækjun á fjárveitingum til löggreglunnar. Nefndin var sammála um eftifarandi forgangsröðun:

1. Forgangsatriði eitt er að fjölga almennum löggreglumönnum sem annast útköll og almennt löggreglueftirlit og bæta nauðsynlegan búnað og þjálfun því tengdu. Fyrsta áhersla verði á að efla löggregluna utan höfuðborgarsvæðisins með áherslu á almenna löggæslu.
 2. Forgangsatriði tvö er að styrkja sérhæfðar deildir löggreglunnar á öllum sviðum. Gert er ráð fyrir að fjölga í rannsóknardeildum, sérdeildum sem starfa á landsvísu og í landamæradeild á Keflavíkurflugvelli.
 3. Forgangsatriði þrjú er að bæta búnað löggreglu og þjálfun löggreglumanna. Gert er ráð fyrir að verja um 1,1 millj.kr. til þess á árunum 2014 til 2017. Komið verði á fastri skipan varðandi síþjálfun og búnaðarendurnýjun löggreglunnar.
- Nú liggur þessi skýrsla um eflingu löggreglunnar fyrir og hefur ráðherra í samræmi við þingsályktunartillöguna lagt hana fyrir Alþingi til kynningar.

Innanríkisráðuneytið 13. mars 2013

Skýrsla um eflingu lögreglunnar

- Nefnd um gerð löggæsluáætlunar um Ísland -

Samantekt

Íslenska lögreglan nýtur mikils trausts og virðingar og hefur gegnt hlutverki sinu með sóma á miklum umbrotatínum i sögu þjóðarinnar og sinnt því með þeim hætti að hún er sí stofnun sem Íslendingar bera einna mest traust til. Lögreglan hefur unnið þrekvirki og óumdeilanlega hefur reynt á stoðir hennar eins og annarra ríkisstofnana vegna aðhalds í ríkistjármálum. Nú er svo komið að lengra verður ekki gengið í aðhaldsaðgerðum hvað varðar fjárveitingar til lögreglunnar án þess að öryggi bæði borgara og lögreglumanna sé teft í hætta.

Nefnd fulltrúa allra stjórnmálflokka á Alþingi, ríkislöggreglustjóra, innanríkisráðuneytis, og Landssambands lögreglumanna hefur nú starfað samkvæmt þingsályktunartillögu um grundvallarskilgreiningu löggæslu á Íslandi og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland sem samþykkt var á Alþingi 19. júní 2012. Með nefndinni starfa fulltrúar löggreglustjóra- og yfirlöggregluþjónafélagsins. Mun þetta vera í fyrsta sinn sem fulltrúar löggjafarvalds og framkvæmdavalds vinna með þessum hætti, í sameiningu, stefnumarkandi vinnu er varðar lögregluna.

Nefndin hefur unnið með þau gögn sem fyrilliggjandi eru um stöðu lögreglunnar og m.a. lagt mat á mannaflagreiningar ríkislöggreglustjóra á undanförnum árum. Komst nefndin að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að staða löggæslu í landinu væri grafalvarleg. Til að hún geti verið viðunandi og lögreglan í þeirri stöðu að geta sótt fram þurfi að veita til hennar alls 3.5 milljarða króna, umfram verðlagshækkanir fjárlaga, á næstu fjórum árum. Í ljósi þeirrar fækkunar sem orðið hefur í löggreglulíðinu og í ljósi verkefna lögreglunnar er það niðurstaða nefndarinnar að fjölda þurfi lögreglumönnum frá því sem nú er um allt að 236, bæta menntun þeirra og þjálfun og auka búnað lögreglunnar. Nefndin visar til skýrslu sinnar hvað varðar forsendur fyrir niðurstöðum sínum og nánari forgangsröðunar við úthlutun fjármuna sem hér um ræðir:

1. Forgangsatriði eitt er að fjölga almennum lögreglumönnum sem annast útköll og almennt löggreglueftirlit og bæta nauðsynlegan búnað og þjálfun því tengdu. Fyrsta áhersla verði á að efla lögregluna utan höfuðborgarsvæðisins með áherslu á almenna löggæslu.
2. Forgangsatriði tvö er að styrkja sérhæfðar deildir lögreglunnar á öllum sviðum. Gert er ráð fyrir að fjölga í rannsóknardeildum, sérdeildum sem starfa á landsvísu og í landamæradeild á Keflavíkurflugvelli.

3. Forgangsatriði þrjú er að bæta búnað löggreglu og þjálfun löggreglumanna. Gert er ráð fyrir að verja um 1,1 millj.kr. til þess á árunum 2014 til 2017. Komið verði á fastri skipan varðandi síþjálfun og búnaðarendurnýjun löggreglunnar.

Skýrsla nefndarinnar mun vera stefnumarkandi fyrir vinnu að löggæslu- og verkefnaáætlun samkvæmt þingsályktunartillögu um grundvallarskilgreiningar löggæslu á Íslandi og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland. Vill nefndin undirstrika þetta sérstaklega og beina því til stjórnmálaflokkanna að taka mið af skýrslu þessari við gerð stjórnarsáttmála næstu ríkisstjórnar, hvernig svo sem hún verður samansett og við fjárlagagerð næstu ára.

Inngangur

Þingsályktun um grundvallarskilgreiningar löggæslu á Íslandi og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland¹ var samþykkt á Alþingi 19. júní 2012. Var innanríkisráðherra falið að skipa nefnd hagsmunaaðila og fulltrúa allra þingflokkja á Alþingi um grundvallarskilgreiningar á löggæslu og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland.

Nefndinni er ætlað eftirfarandi hlutverk:

1. **Að skilgreina öryggisstig á Íslandi með því að leggja ítarlegt mat á þær hættur og ógnir sem steðja að íslensku samfélagi og hvað megi teljast eðlilegt öryggi fyrir þá sem búa á Íslandi, starfa hér eða heimsækja landið.**
2. **Að skilgreina þjónustustig löggreglu með því að verkefni löggreglu verði skilgreind ítarlega, þ.e. hvaða verkefnum löggregla á eða á ekki að sinna, og að fjárveitingar verði tryggðar til löggreglu til að gera henni kleift að sinna lögbundnum verkefnum.**
3. **Að skilgreina mannaflaþörf löggreglu og horfa við það til þeirra skilgreininga sem koma út úr vinnu við skilgreiningu á öryggisstigi og þjónustustigi löggreglu.**
4. **Að skilgreina þörf löggreglunnar fyrir fjármagn miðað við eðli og umfang**

Miðar þingsályktunartillagan að því að skilgreina eðli og umfang löggreglustarfins auk þess að skilgreina ítarlega þau verkefni sem löggreglu er ætlað að sinna og hver kostnaður ríkissjóðs er af löggreglu hverju sinni. Jafnframt er tilgangurinn að auka kostnaðarvitund þingsins hvað varðar löggjöf um verkefni löggreglu og þar með koma á faglegri aðkomu þingsins að þessum málaflokk.

Í greinargerð með þingsályktunartillöggunni kemur fram að fara þurfi fram ítarlegt mat á hættu og ógnum sem steðja að íslensku samfélagi.² Nærtækt sé að horfa til vinnu sem liggur fyrir í hættumati sem utanríkisráðherra fól sérstökum starfshópi að vinna að undir lok árs 2007.³ Einnig til vinnu sem unnin hefur verið hjá greiningardeild ríkislöggreglustjóra sem

¹ <http://www.althingi.is/altext/140/s/1648.html>.

² <http://www.althingi.is/altext/140/s/0015.html>.

³ http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/Skyrsla_um_ahattumat_fyrir_Island_a.pdf.

miðar að því meta þær hættur sem steðja að hérlendis vegna hryðjuverka og skipulagðrar glæpastarfsemi svo dæmi sé tekið og hættumats í tengslum við almannavarnaverkefni hvers konar, svo sem vegna eldgosa, snjóflóða, jarðskjálfta o.fl. Hlutverk löggreglu er kemur að framkvæmd slíkra verkefna er griðarlega umfangsmikið og krefst jafnan mikils mannafla.

Þingsályktunartillagan kveður á um að ráðherra leggi tillögu til þingsályktunar um löggæsluáætlun fyrir Alþingi eigi síðar en 1. mars 2013. Þar sem nefndin var ekki fullskipuð fyrir en í lok október sl. var það mat nefndarinnar að ekki væri hægt að ljúka löggæsluáætluninni fyrir tilsettan tíma. Því er þessi skýrsla samin og er henni ætlað að vera leiðarljós um endanlega gerð löggæsluáætlunarinnar. Nefndin mun halda áfram vinnu við gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland í samræmi við þingsályktunina og á grundvelli skýrslunnar.

Við skýrslugerðina er gengið út frá þeirri forsendu að tillögur sem nú liggja fyrir Alþingi um aðskilnað löggreglustjórnunar frá embættum sýslumanna og fækku umdæma í átta nái fram að ganga. Þá er einnig gengið út frá þeirri forsendu að Alþingi samþykki verulega hækku á fjárveitingum til löggreglunnar.

Ekki er fjallað um rannsóknir efnahagsbrota í skýrslu þessari. Nefnd á vegum innanríkisráðuneytisins vinnur að tillögugeð varðandi framtíðarskipan þeirra mála.

Reykjavík, 26. febrúar 2013

Arndís Soffía Sigurðardóttir

Haraldur Johannessen

Jónína Rós Guðmundsdóttir

Pórunn J. Hafstein

Siv Friðleifsdóttir

Sjöfn Kristjánsdóttir

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Snorri Magnússon

Skúli Þór Gunnsteinsson

Lögreglan og samfélagið

Eitt af grunnhlutverkum ríkisvaldsins er að tryggja öryggi almennings, samfélagsins og ríkisins. Í þriðju grein mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna segir: „*Allir eiga rétt til lfs, frelsis og mannhelgt*“.⁴ Greininni er ætlað að tryggja að öryggi einstaklinga og þjóðfélagshópa byggi á virðingu fyrir mannréttindum, réttaröryggi og lýðræðislegum grundvallarreglum. Lögjöf og réttarvörslukerfið er sú stoð sem tryggja á réttinn til lfs, frelsis og mannhelgis. Lögreglan gegnir þar mikilvægu hlutverki og á m.a. að gæta almannaoüryggis og halda uppi lögum og reglu.

Lögreglan er sú stofnun þjóðfélagsins sem hefur með höndum löggæslu í víðustu merkingu þess orðs og gegnir lykilhlutverki í öryggis- og viðbragðskerfi þjóðarinnar. Hlutverk lögreglu kemur fram í 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 þar sem meginhlutverk hennar er að gæta almannaoüryggis og tryggja réttaröryggi, stemma stigu við afbrotum og vinna að uppljóstrun brota, greiða götu borgaranna og aðstoða þá þegar hættu ber að, veita yfirvöldum aðstoð við framkvæmd starfa sinna og að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu. Þá annast lögreglan landamæravörsu. Lögreglan annast auk þess samhæfingu alls viðbragðskerfis almannavarna skv. almannavarnalögum nr. 82/2008 og er ein af megininstóðum kerfisins.

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna kveður einnig á um að einstaklingar skuli eiga rétt á persónulegu öryggi. Ríkjum er ekki heimilt að líta framhjá því að öryggi einstaklinga sé ógnað innan lögsögu þess og því ber skylda til að grípa til aðgerða til þess að vernda öryggi þeirra sem hlut eiga að máli. Á grundvelli jafnraðis verður að tryggja jafnan rétt borgaranna hvar sem er á landinu til sambærilegrar löggæslu og öryggis eftir því sem hægt er.

Einn mælikvarði á það hvort ríkisvaldið uppfylli famangreind grundvallaratriði er sá hvort fólk búi við öryggiskennd. Í því felst meðal annars að lögreglan sé sýnileg borgaranum. Hún sé til staðar í samféluginu á opinberum vettvangi þar sem á þarf að halda og komi fólk skjótt til hjálpar þegar það er í neyd. Af framansögðu leiðir að eitt af meginmarkmiðum lögreglu er að skapa öryggiskennd í samféluginu í störfum sínum með nærveru sinni, sérstaklega á stöðum þar sem fólk telur sig ekki öruggt, stuttum viðbragðstíma í útköllum og faglegum vinnubrögðum vel þjálfaðra lögreglumanna. Slíkt skapar trúverðugleika og traust til lögreglu og eykur öryggiskennd borgaranna. Stefnt er að því að taka upp rafræna skráningu á viðbragðshraða lögreglu í útköllum og tímalengd útkalla með það að markmiði að setja lögreglunni ákveðin lágmarksviðmið.

Mikilvægt er að borgararnir hafi réttmætar væntingar til lögreglu. Vætingar borgaranna endurspeglast oft í því hve vel lögreglan er í stakk búin til þess að stemma stigu við afbrotum og vinna að uppljóstrun brota. Kröfur um sifellt hraðari málsmæðferð, flóknari og skipulagðari afbrot og tilkoma skipulagðrar glæpastarfsemi hér á landi, er þróun sem hefur átt sér stað síðustu áratugi og hefur orðið einn af umfangsmeiri þáttum í starfi lögreglunnar á sama tíma og kröfur eru gerðar um aukið aðhald í rekstri lögreglunnar.

Borgararnir hafa einnig miklar væntingar til lögreglu varðandi rannsóknarhlutverk hennar. Þjónustan þarf að vera góð og skammur rannsóknartími svo unnt sé að ljúka málum sem fyrst í samræmi við fyrirmæli ríkissaksóknara um málshraða. Til þess að svo geti orðið þarf að endurskoða verklag við rannsóknir og afgreiðslu minniháttar mála. Lögreglan þarf í auknum mæli að geta afgreitt slik mál án þess að til ákæru komi. Einnig er mikilvægt að

⁴ <http://www.humanrights.is/mannrettindi-og-island/helstu-sammingar/sameinudu-thjodirnar/mannrettindayfirlysing-sth/>

færa afgreiðslu minniháttar mála í auknum mæli til almennar löggreglu sem rannsaki og afgreiði þau til fulls en ekki sérstakar rannsóknardeildir. Með því má minnka tvíverknað og auka skilvirkni og málshraða. Það verður þó aðeins gert með því að fjölgja almennum löggreglumönnum.

Þá verður að leggja áherslu á að löggreglan geti ekki ein og sér barist gegn afbrotum, enda séu þau ekki lögreglunnar einnar. Baráttan gegn afbrotum kallar á samstarf og samhæfingu sem og virka þáttöku allra hlutaðeigandi aðila í samfélaginu. Árangur aðgerða gegn afbrotum er samfélagsverkefni sem krefst samhentra aðgerða löggreglu og allra annarra, sem á einhvern hátt tengjast málefnum samfélagsins. Eftir því sem virkari tengsl og jákvæðara samstarf er með löggreglu og almenningi því meiri von er um árangur. Almenningur nýtur góðs af aðgerðum og upplýsingum löggreglu og löggreglan getur leiðbeint fólk og gert það betur undir það búið að bregðast við afbrotum og draga úr líkum á þeim.⁵ Öflugt forvarnarstarf löggreglu þarf því að vera í forgangi í störfum hennar.

Tryggja þarf tengsl borgaranna við nærlöggæslu og mikilvægt að þau glatist ekki við fækkun umdæma. Tengsl og traust gera það að verkum að löggreglan fær upplýsingar er nýtast við uppljóstrun brota. Einnig er mikilvægt að tengsl við sveitarfélög séu mikil og góð því úrræði, sér í lagi varðandi unga afbrotamenn, eru einvörðungu að litlu leyti í höndum löggreglu en ekki síður hjá félagsþjónustu og barnavernd á vegum sveitarfélaganna.

Hlutverk lögreglunnar er mjög viðamikið og ljóst að forgangusraða verður verkefnum eftir mikilvægi hverju sinni ekki síst í ljósi aukins aðhalds í ríkistjámálum. Hins vegar er nú brýnt að huga að grunnþáttum í starfi hennar þ.e. fjölda lögreglumannna með auknum fjárveitingum svo henni verði kleift að leysa þau verkefni sem ætlast er til af henni sbr. 1. gr. löggreglulaga nr. 90/1996

Forgangsatriði er að fjölgja almennum löggreglumönnum sem annast útköll og almennt löggreglueftirlit og bæta nauðsynlegan búnað og þjálfun því tengdu. Einnig þarf að skapa sterkari stoðir undir hlutverk hennar við að stemma stigu við afbrotum og upplýsa brot. Lykilatriðið er að tryggja að löggæsla sé öflug um allt land og byggi á traustum faglegum grunni.

Hættumat

Löggreglan er stoð undir lýðræðisskipan samfélagsins. Verði hún of veik til þess að takast á við það hlutverk sitt að halda uppi lögum og reglu í samfélaginu bitnar það á rétti fólks til lífs, frelsis, mannhelgis og persónulegs öryggis. Einnig bitnar það á öryggi ríkisins og samfélagsins í heild. Of veikburða löggregla er því sérstök áhætta fyrir öryggi samfélagsins og brýnt er að grípa til mótvægisáðgerða sem miða að því að styrkja löggregluna til þess að takast á við hlutverk sitt til þess að tryggja réttaröryggi borgaranna og grundvallarhagsmuni ríkisins. Þá gegnir löggreglan ekki síður mikilvægu hlutverki á sviði neyðarþjónustu vegna slysa og náttúruhamfara og er ein af grunnstoðum í neyðarþjónustu og almannavörnum en viðvarandi hætta er á margvíslegum hópslysum og alvarlegum umhverfisslysum. Hvort heldur þau eru afleiðing ófyriðséðra bilana, slysa eða viljaverka.

Margvíslegar breytingar hafa orðið í samfélaginu síðstu áratugi. Aukin alþjóðavæðing hefur haft í för með sér að störf lögreglunnar eru orðin erfiðari og margslungnari en fyrr. Greiningardeild ríkislöggreglustjóra hefur varað við fyrirsjánlegri þróun varðandi skipulega

⁵ <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/167913/>.

glæpastarfsemi, þ. á m. alþjóðlega glæpastarfsemi, mansal, vændi o.fl. Deildin telur að framhald verði á þeirri þróun og í reynd sé um viðvarandi ástand að ræða. Þá hefur hún undanfarin ár varað við aukinni hættu á voðaverkum einstaklinga og ljóst er að á engan hátt er hægt að útiloka að á Íslandi verði framin hryðjuverk eða aðrir stórfelldir ofbeldisglæpir.

Hryðjuverk og önnur illvirki hafa, á liðnum átum, tekið á sig sifellt grimmdarlegrí mynd. Nærtækast er að horfa til árásanna í New York, Madrid og London, sprengju- og skotárasá þar með talið í skólum víðsvegar um Evrópu og sér í lagi á Norðurlöndunum. Þar standa okkur næst árásirnar í Oslo og Útey í júlí 2011 og ljóst er að auka þarf viðbúnað lögreglu á öllum sviðum til að hægt verði að lágmarka þá áhættu sem við blasir og koma í veg fyrir slik voðaverk.

Mikilvægt er að lögreglan skipuleggi störf sín á grundvelli kerfisbundinnar greiningar á þróun mála hérlandis og erlendis og verkefnamiðaðrar löggæslu, þar sem reynt er að nálgast brot og önnur löggæsluvandamál með það fyrir augum að fyrirbyggja að þau endurtaki sig.⁶

Til þess þarf að skoða viðfangsefnin í viðu samhengi og vega að rótum þess vanda sem við er að glíma hverju sinni.

Loks verður að hafa í huga að ógnir eru ekki eingöngu fyrirséðar. Lögreglan verður einnig að vera það öflug að hún geti tekist á við óþekktar ógnir sem koma fyrirvara laust upp. Löggreglukerfið þarf því að vera öflugt á sviði öryggismála og sveigjanlegt svo lögreglan hafi burði til þess að bregðast fyrirvara laust við hættum sem ekki gera boð á undan sér.

Verkefni lögreglu

Grunnþjónusta lögreglu

Í október 2009 kom út skýrla um grunnþjónustu lögreglunnar sem ríkislöggreglustjóri vann að beiðni þáverandi dómsmálaráðherra.⁷

Leitast var við að skilgreina grunnþjónustu lögreglunnar og niðurstaða hennar var að verkefni sem falla undir grunnþjónustu lögreglunnar eru þau sem tengjast heint eða óbeint hlutverki hennar skv. 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

Hlutverk lögreglu skv. 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga

- Öryggishlutverk
- Afbrotavarnahlutverk
- Rannsóknarhlutverk
- Þjónustu- og hjálparhlutverk
- Aðstoðarhlutverk
- Samstarfshlutverk


⁶ Verkefnamiðuð löggæsla, handbók ríkislöggreglustjóra 2008.

⁷ http://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir/Skilgreining_a_grunnþjónustu_logreglunnar.pdf.

Við mat á verkefnum var m.a. stuðst við forgangsflokkun við útköll eftir alvarleika, alvarleika brota og fyrirmæli ríkissaksóknara um málsméðferðartíma o.fl. Verkefni eru greind í annars vegar grunnþjónustu og hins vegar stoðþjónustu.

Þær deildir sem sinna verkefnum skv. lögum, reglugerðum, árangursstjórmunarsamningum og fleiru er falla undir öryggishlutverkið fá forgang umfram þau verkefni er t.a.m. falla undir aðstoðarhlutverkið. Verkefni deilda er tengjast beint þessum hlutverkum teljast til grunnþjónustu lögreglunnar. Einnig er birt samantekt um megin viðfangsefni þeirra deilda og sviða sem falla undir grunnþjónustuna.

Til stoðþjónustu teljast hins vegar viðfangsefni sem ekki hafa beina tengingu eða styðja við 1. gr. lögreglulaga.



Skýringarmyndin sýnir upþbyggingu greiningar á þjónustu lögreglunnar.⁸

Ljóst er að lögreglutarfið kallar annars vegar á vel menntaða, þjálfanda og útbúna lögreglumenn sem geta sinnt sem mestu af alhliða störfum lögreglunnar. Hins vegar kallar lögreglutarfið einnig í auknum mæli á sérhæfingu, sérmennntun og þjálfun hluta lögreglunnar og sérhæfð vinnubrögð við ákveðin hluta af starfi hennar hvort heldur er vegna almennra lögreglustarfa eða rannsókna mála. Á það við heldur um er að ræða öryggis-, afbrotavarna- eða rannsóknarhlutverk hennar.

⁸ Skilgreining á grunnþjónustu lögreglunnar, október 2009

http://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir/Skilgreining_a_grunnþjónustu_logreglunnar.pdf.

Rannsóknir mála

Mikilvægt er að rannsóknir löggreglu á brotum gangi greiðlega fyrir sig af tilliti til réttarstöðu sakborninga og brotaþola auk réttaröryggis borgaranna almennt. Ríkissaksóknari sem æðsti handhafi hins sjálfstæða ákærvalds getur kveðið á um rannsókn máls, mælt fyrir um framkvæmd hennar og fylgst með henni. Málshraðareglan er ein af grundvallarreglum réttarfars sem víða kemur fram í lögum og tryggð er sérstaklega í 70. gr. stjórnarskráinnar og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. sem lögfest var með lögum nr. 62/1994. Ríkissaksóknari gaf á árinu 2009 fyrirmæli um málshraða vegna líkamsárasarmála, nauðgunarmála og efnahagsbrota. Mikilvægt er að sett séu skýr viðmið um málshraða vegna allra mála sem löggreglan rannsakar.

Við eflingu löggreglunnar þarf að huga að úrbótum í rannsóknarstarfi löggreglunnar með tilliti til málshraða. Hægt hefur á rannsóknum í einstökum málaflokkum vegna lækkunar á fjárveitingum til reksturs löggreglunnar sem m.a. hefur leitt til fækkunar löggreglumanna. Rannsóknir kynferðisbrota, heimilisofbeldis og alvarlegra líkamsáras eru almennt látnar sæta forgangi. Vegna þessarar forgangsröðunar hefur málsméðferðartími lengst verulega í þeim brotaflokkum sem ekki eru í forgangi.

Aukinn þungi hefur færst í rannsóknir hjá löggreglu á kynferðisbrotum gagnvart börnum vegna aukins fjölda kæra slíkra mála til löggreglu. Mikilvægt er að rannsóknir löggreglu á slíkum meintum brotum gangi greiðlega fyrir sig í góðri samvinnu við aðila sem hafa sérhæft sig í umönnun og meðferð barna sem þolendur slíkra brota og í samræmi við fyrirmæli ríkissaksóknara um málshraða af tilliti til réttarstöðu sakborninga og brotaþola auk réttaröryggis borgaranna almennt.

Í ljósi upplýsinga frá löggregluembættum um aukinn fjölda kynferðisbrotamála í rannsókn má búast við stórauknu á lagi á embætti ríkissaksóknara og þrýstings á að ljúka afgreiðslu þessara mála annað hvort með niðurfellingu þeirra eða útgáfu ákæru. Brýnt er að gera löggreglu og ákærvaldi kleift að bregðast við kröfum samfélagsins um skilvirkja rannsókn og meðferð ákærvalds í þessum viðkvæma málaflokk án þess að það komi niður á málsméðferðartíma í öðrum brotaflokkum.

Sú vinna sem lögð hefur verið í baráttuna við skipulagða glæpastarfsemi mótorhjólagengja, sem tímabundin fjárveiting fékkst fyrir, hefur sýnt með ótvíræðum hætti að hægt er að ná miklum árangri í löggreglu með markvissum aðgerðum löggreglu til þess að fyrirbyggja skipulagða brotarstarfsemi og aðrar ógnir. Ljóst er að slík sértæk vinna til þess að glíma við ákveðnar tegundir verkefna löggreglu þurfa í auknum mæli að vera sífelli verkefni hennar, sem rúmast innan árlegra fjárveitinga til löggreglu en ekki einstök átaksverkefni. Baráttan gegn skipulagðri glæpastarfsemi gerir alþjóðlegt samstarf löggreglunnar enn mikilvægara en áður. Það þarf því að efla þann þátt í starfsemi löggreglunnar og mikilvægt að leggja aukna áherslu á að sérhæfðir rannsóknarhópar geti sinnt slíkum verkefnum.

Einnig þarf að einfalda feril minni háttar mála þannig að almenn löggregla geti lokið slíkum málum í auknum mæli. Það á einnig að auka möguleika rannsóknarlöggreglumanna á að takast á við rannsóknir alvarlegri brota með samræmdari hætti en áður. Almenn löggregla ljúki þannig rannsóknum svo sem vegna umferðarlagabrota, minniháttar slysa, eignarspjalla, innbrota og þjófnaða auk ölvunar á almannafæri og brota á löggreglusamþykkt. Sérstakar rannsóknardeildir annist hins vegar rannsóknir manndrápa, rána, kynferðisbrota, brenna, alvarlegra fikniefnamála, líkamsárasa, fjármunabrota, slysa, meiri háttar eldsvoða, rannsóknir á flugtengdum atvikum og vegna sjóslysa auk rannsókna umfangsmikilla mála sem taka langan tíma.

Bæta þarf skilvirkni við afgreiðslu í sakamálum svo sem með auknum heimildum löggreglustjóra til að gera mönnum sekt vegna svokallaðra minniháttar brota. Vísast í því efni

til skýrslu sem unnin var fyrir dómsmála- og mannréttindaráðherra um aukna skilvirkni í sakamálum.⁹

Það er orðið mjög nauðsynlegt að styrkja rannsóknarþátt löggreglunnar, bæði hvað varðar fjölda starfsmanna og menntun þeirra, rannsóknaraðferðir, samstarf um rannsóknir, upplýsingakerfi við rannsóknir og menntun þeirra sem þessum störfum sinna. Jafnhlíða þarf að bæta tækjabúnað til vettvangs- og tæknivinnu. Skoða þarf ítarlega að fjölgja óbreyttum starfsmönnum hjá rannsóknareiningum til að sinna þeim tímafreku og mikilvægu störfum sem þar falla til og unnt er að sinna án löggreglumenntunar. Loks þarf að samræma löggjöf og reglur varðandi rannsóknir mála við hin Norðurlöndin til þess að tryggja að samstarf íslensku löggreglunnar við erlend löggregluyfirvöld gangi eðlilega fyrir sig og traust ríki á milli löggregluliða viðkomandi landa. Má hér nefna nauðsyn þess að færa ákvæði íslenskra laga um afhendingu gagna að regluverki nágrennalandanna. Styttri tímafrestir og skyld atriði takmarka möguleika íslenskrar löggreglu á að taka við gögnum frá erlendum löggaelslustofnunum og hefur þegar skapað ákveðið vantraust.

Öryggismál og almannavarnir

Borgaralegir þættir öryggis- og varnarmála miða að því að tryggja öryggi í fjarskiptum, raforkudreifingu, upplýsingatækni, samgöngum og viðskiptum. Treysta þarf ytri landamæri, koma í veg fyrir að hættu- eða upplausnarástand skapist vegna skipulagðrar glæpastarfsemi, hryðjuverka og koma í veg fyrir að landið verði griðastaður fjármálamisferla eða hvers konar illvirkja. Löggreglan gegnir veigamiklu hlutverk á þessum sviðum.

Löggaesla og almannavarnir eru þjóðaröryggismál og hlutverk ríkisvaldsins er að fara með ábyrgð á almannöryggi sem miðar að því að tryggja vernd almennings og vernda samfélagsinnviði landsins. Ógnir samtímans sem skapað geta neyðarástand og þær afleiðingar sem þeim fylgja taka til alls samfélagsins og á því sviði er löggreglan í lykilhlutverki. Fjöldi og þjálfun löggreglumannna og búnaður þarf að vera í samræmi við þær ógnir sem löggreglan þarf að takast á við.

Mikilvægt er að ríkislöggreglustjóri og einstök löggregluembætti í samvinnu við sveitarfélög og aðra viðbragðsaðila tryggi fullnægjandi almannavarnaviðbrögð á hættustundu og taki þátt í aðgerðum samhæfingar- og stjórnstöðvar ríkislöggreglustjóra. Sérstaklega er mikilvægt að hraðað verði vinnu við sértæka og almenna viðbragðs-áæflanagerð hvort heldur er vegna ógnar af völdum náttúrunnar, tæknilegra bilana eða af mannavöldum.

Afleiðingar óveðurs á árinu 2012 sýndu með óygjandi hætti varðandi öryggi ómissandi samfélagsinnviða á sviði rafmagns og fjarskipta að ekki er unnt að ganga út frá órofinni virkni fjarskiptakerfisins sem visu. Viðkvæmni slikrar starfsemi í nútíma þjóðfélagi hefur aukist vegna þess hversu innviðirnir eru sam tengdir. Sem dæmi þurfa fjarskipti rafmagn og rafmagn þarf fjarskipti. Truflun á einu sviði getur því valdið truflun á fjölmögum öðrum sviðum.

Brýnt er að herða allan viðbúnað varðandi öryggi ómissandi raforku og fjarskipta innviða gagnvart ógnum og þá ekki eingöngu vegna náttúruhamfara eða tæknilegrar bilana heldur einnig vegna ógnar af mannavöldum en ljóst er að hægt er að valda jafnvæl meiri skaða með þeim hætti. Einnig þarf að bæta öryggi æðstu stjórnar ríkisins sem er hluti af ómissandi innviðum. Styrkja þarf löggregluna til þess að takast á við verkefni á þessu öryggissviði svo sem vegna varðgæslu o.fl.

⁹ Skýrsla starfshóps dómsmála- og mannréttindaráðherra um aukna skilvirkni í sakamálum, 9 desember 2010.

Öryggismál og landamæravarsla

Landamæravarsla er í höndum lögreglu og er mikilvægur hluti af öryggismálum þjóðarinnar. Mjög vaxandi álag hefur verið við gæslu landamæra á undanförnum árum vegna mikillar fjölgunar ferðamanna til landsins hvort heldur er með flugi eða skemmtiferðaskipum. Fyrirliggjandi spár benda til þess að ferðamannafjöldi til landsins muni enn aukast. Ljóst er að auka þarf viðbúnað lögreglu við landamæravörslu m.a. til að tryggja öryggi en einnig skilvirkni til þess að hægt sé að halda uppi fullnægjandi afgreiðsluhraða við landamæragæslu miðað við farþegaumferð svo flugáætlunir haldist. Á þetta sérstaklega við um Keflavíkurflugvöll þar sem um 96% ferðamanna fer um og tengitími vegna flugs frá Ameríku er allt niður í 35 mínútur. Það er mikið hagsmunamál fyrir þjóðabúið að landamæragæsla lögreglu sé öflug og skilvirk og að ekki verði vegna gæslunnar sem raskað geti flugáætlunum.

Styrkja þarf starf lögreglu við landamæravörslu um allt land vegna ytri landamæra og eftirlit með komu fólks til landsins í náinni samvinnu allra stofnana lögreglu og tollgæslu auk sérstakrar öryggisgæslu þar sem hennar er þörf. Einnig þarf að bæta tækjabúnað á þessu sviði svo sem skilríkjaskanna, fingrafaralesara, skjalarannsóknartæki o.fl.

Skipulag lögreglu

Þær miklu breytingar sem orðið hafa á samfélagini síðustu áratugi hafa í auknum mæli kallað á breytingar á skipulagi lögreglunnar og stefnubreytingar svo henni verði betur kleift að sinna hlutverki sínu sem krafist er af henni og borgararnir eiga kröfu til.

Samkvæmt lögreglulögum er innanríkisráðherra æðsti yfirmaður lögreglunnar. Ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í umboði innanríkisráðherra og annast samhæfingu lögreglu og aðstoðar lögreglulíðin auk þess að starfrækja miðlæga lögreglu-starfsemi. Landinu er skipt í 15 lögregluumdæmi. Lögreglustjórar annast daglega stjórni og rekstur lögreglunnar í umdænum sínum og bera ábyrgð á framkvæmd daglegra lögreglustarfa innan þeirra.

Talsverðar breytingar hafa orðið á skipulagi lögreglunnar með fækkun og stækku lögregluumdæma og eflingu miðlægrar starfsemi lögreglunnar og er nú stefnt að enn frekari fækkun og stækku lögregluumdæma. Leiðir það eðli máls samkvæmt af þeirri þróun sem orðið hefur í fjarskiptum og samgöngum og breyttum kröfum til lögreglu samhlíða breytingum í samfélagini. Auk þess sem lögreglustarfið kallar á stöðugt aukna sérhæfingu svo sem vegna alþjóðlegrar lögreglusamvinnu, aðgerðarþjálfunar, rannsóknar flókinna sakamála, tæknii- og tölvurannsókna o.fl.

Lögregluumdænum er því fækkað í þeim tilgangi að gera þau öflugri og auka getu þeirra til að ljúka sem flestum málum innan umdæmanna. Ýmsir þættir lögreglustarfsins krefst tiltekinnar sérhæfingar. Sérhæfingu verður þó ekki náð með því að byggja hana upp alls staðar á landinu en þeirri sérhæfingu sem ekki er hægt né réttlætanlegt að byggja upp hjá öllum umdænum er sinnt á landsvísu á miðlægan hátt. Rétt þykir til dæmis að ríkislögreglustjóri reki sérsvéit, almannavarnadeild, greiningardeild og fjarskiptamiðstöð fyrir landið allt. Þá rekur lögreglustjórin á höfuðborgarsvæðinu tæknideild sem sinnir vettvangsrannsóknum, samanburðarrannsóknum og öðrum slikum rannsóknum og varðveisir fingrafarasafn lögreglu og ljósmyndasafn og heldur því við. Tæknideildin þjónar öllum lögregluumdænum landsins og ríkislögreglustjóri setur nánari reglur um starfrækslu hennar.

Þetta er sambærileg þróun og verið hefur á hinum Norðurlöndunum í þá átt að auka miðlæga starfsemi löggreglunnar. Stofnuð hafa verið embætti ríkislöggreglustjóra í Noregi og Finnlandi og embætti ríkislöggreglustjóra í Danmörku og Svíþjóð verið efla sem miðlæg löggregluyfirvöld á landsvísu. Markmiðið á Norðurlöndum hefur verið að löggreglan sé ein heild á landsvísu þó áfram sé byggt á grenndarreglunni hvað landfræðilega nálægð varðar.

Svo dæmi sé tekið er löggreglan í Danmörku ein stofnun í skilningi fjárlaga og ríkislöggreglustjóri yfirmaður löggreglunnar. Eftir sem áður hafa löggreglustjórar hlutverk hver í sínu umdæmi við þau verkefni sem undir þá falla. Tryggt er með þessum hætti að löggreglan sé ein heild og virki sem slik á landsvísu á sama tíma og einstakir löggreglustjórar bera ábyrgð í sínum umdæmum.

Annað markmið breytinga á Norðurlöndunum var auk þess að minnka yfirbyggingu og fjölda löggreglumönnum við störf að almennri löggæslu. Það markmið að fjölda löggreglumönnum við almenna löggæslu hefur hins vegar ekki gengið eftir að því er virðist enda hafa kröfur um margvíslega sérhæfingu aukist árlega svo og margvíslegur afleiddur kostnaður.

Með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á skipulagi íslensku löggreglunnar hefur tekist að byggja upp sveigjanlegt og samhæft lögreglulið sem nýtur mikils trausta.

Pær breytingar sem kynntar hafa verið með frumvarpi til breytinga á löggreglulögum byggja á þeim grunni sem lagður hefur verið. Áfram er gert ráð fyrir óbreyttu hlutverki ríkislöggreglustjóra og stefnt að því að aðskilja löggreglustjórn frá sýslumönnum og fækka umdæmum úr fimmtán í átta. Markmiðið er að efla þau og fjölda löggreglumönnum. Einnig er mikilvægt að styrkja miðlæga starfsemi á landsvísu hvað varðar þætti sem ekki verða byggðir upp hjá hverju lögregluliði eða eðli máls samkvæmt eiga heima á landsvísu.

Skýra þarf ábyrgðarsvið innan löggreglunnar og stjórnunarheimildir ríkislöggreglustjóra gagnvart löggreglustjórum um framkvæmd einstakra löggæsluverkefna sem krefjast viðamikils undirbúnings eða þátttöku löggreglumannna úr fleiri en einu umdæmi. Þannig verður að tryggja að löggreglan sé byggð upp sem ein heild og viðhorf sem ein löggregla verði ríkjandi hvar sem er á landinu. Mikilvæg forsenda í þeim efnum er aðskilnaður löggreglununar frá sýslumönnum.

Tryggja verður jafnan rétt borgaranna hvar sem er á landinu til sambærilegrar löggæslu og öryggis eftir því sem hægt er.

Menntun löggreglumannna

Menntun löggreglumannna er lykilþáttur í bættri löggæslu. Mikilvægt er að menntun löggreglumannna svari ávallt kröfum samtímans um almannaoxyggi og sé sambærileg stöðu menntunarmála löggreglunnar í Evrópu, einkum á Norðurlöndum. Undanfarin ár hefur þróunin verið sú að mikill meirihluti þeirra einstaklinga sem sótt hafa um skólavist í löggregluskoðanum eru með stúdentspróf, iðnmenntun eða jafnvel lokið háskólaprófi.

Dregið hefur úr þjálfun og námskeiðum löggreglumannna. Kemur þar bæði til fjárskortur og fækkun í lögregluliðinu. Erfitt er að mæta fjarveru vegna námskeiða vegna fjárskorts eða fámennis. Nýjar ógnir svo sem skipulögð glæpastarfsemi og mansal o.fl. kalla hins vegar á aukna menntun löggreglumannna til þess að takast á við þessar nýju ógnir o.fl. sem löggreglan stendur frammi fyrir í dag.

Stefnt er að því að í kjólfar frammistöðumats sjái starfsmannahald hvers embættis um að gera áætlun um símenntun fyrir hvern starfsmann í samvinnu við löggregluskoðann. Þar verði

tekið mið af því að styrkja starfsmanninn á þeim sviðum þar sem þess er þörf samkvæmt frammistöðumati og starfslysingu.

Leggja þarf áherslu á þjálfun og menntun almennra lögreglumanna með hliðsjón af verkefnum löggreglu og búnað þeim til handa. Leggja ber áherslu á bæði grunnmenntun og símenntun þannig að lögreglumenn geti viðhaldið þekkingu sinni og hæfni til þess að takast á við sibreyleg verkefni löggreglu. Lengja grunnnámið á ný og endurskoða námið með það að markmiði að það verði sambærilegt skv. því sem að ofan greinir. Auka þarf jafnframt sérhæfða menntun á sérfræðisviðum svo sem varðandi rannsóknir mála.

Tryggja þarf að lögreglumenntunin njóti sannmælis innan menntakerfisins svo og auka samstarf við menntastofnanir á sviðum háskólanáms. Auk þess að hún veiti aðgang að framhaldsmenntun erlendis.

Tæknimálefni

Lögreglan þarf stöðugt að fylgja eftir þeim tækniframförum sem verða í samfélaginu. Óhjákvæmilegt er annað en nútíma löggregla sé búin fullkomnum tæknibúnaði á öllum sviðum. Tryggja þarf skilvirkni við löggæslu með nútímalegum búnaði og verkefni lögreglunnar á sviði afbrotavarna- og rannsóknarhlutverksins kalla stöðugt á fleiri tæknilegar lausnir við öflun sönnunargagna. Þá hefur sú þróun sem orðið hefur á útbreiðslu og notkun vefsins og samfélagsmiðla leitt af sér ný verkefni á sviði löggæslu vegna þeirra afbrotastarfsemi sem fyrirfinnst á þeim vettvangi svo sem kynferðisofbeldi gegn börnum o.fl.

Mjög hefur dregið úr fjárfestingu í tækn- og hugbúnaðarlausnum hjá löggreglu svo hægt hefur verið á framþróun og endurnýjun búnaðar. Tæknilausnir eru fyrir hendi sem gera mögulegt að bæta starfsemi löggreglu og einfalda verkferla takist að koma þeim í framkvæmd.

Taka þarf upp tölvustýrða upplýsinga- og boðmiðun í útkallstæki lögreglunnar. Meðal annars verði skráð tímalengd útkalla og viðbragðstími sem til framtíðar horft skapar skilyrði til að setja markmið um viðbragðshraða í útköllum. Auk þess verði nýtt nútímaleg samskipta- og upplýsingatækni við stjórn lögreglunnar á vettvangi og hægt verður að senda upplýsingar í mynd og textaformi til og frá útkallstækjum hennar. Slikt gerir lögreglunni auch þess kleift að ljúka stórum hluta verkefna á vettvangi þar sem hægt verður að gera endanlegar skýrslur í útkallstækjunum og ljúka afgreiðslu á stórum hluta mála þegar á vettvangi. Auk þess þarf að ljúka innleiðingu sérstaks aðgerðarstjórahugbúnaðar og aðlögun lögreglukerfisins að vettvangsvinnu svo sem skýrslugerð o.fl.

Bæta þarf búnað varðandi rannsóknaraðgerðir, taka upp sjálfvirkni við kennsla- og ökutækjagreiningu og auka við búnað til tölvurannsókna og rannsókna brota sem framin eru á vefnum. Endurnýja þarf og bæta við búnaði vegna tæknirannsókna á vettvangi og á tæknirannsóknarstofu.

Stefna og markmið

Stefnt að því að löggreglan verði nútímaleg, búi yfir sveiganleika og samhæfðu liði sem brugðist getur við þegar á þarf að halda og almannaoryggi er ógnað og geti sinnt að öðru leiti þeim verkefnum sem henni eru falin.

Efling löggreglunnar fari fram á árunum 2013 til 2017. Markmiðið er að bæta getu löggreglunnar til þess að takast á við meginhlutverk sitt skv. 1. gr. löggreglulaga.

- Styrkja innviði löggreglunnar og öryggi löggreglumanna með fjölgun þeirra, aukinni menntun og bættum búnaði svo löggreglan standi undir hlutverki sínu og störf hennar verði auk þess réttlætanleg og lögmæt m.a. varðandi öryggi löggreglumanna og almennings.
- Tryggja öruggt samfélag. Til þess þarf að bæta getu, þekkingu og hæfni löggreglunnar. Stefnt er að því að auka sýnileika hennar, stytta viðbragðstíma við útköll og styrkja hana til þess að takast á við erfið verkefni með aukinni þjálfun og auknum búnaði. Unnið verði sérstaklega með hliðsjón að því að auka öryggisvitund almennings og fækka afbrotum.
- Auka á getu og viðbúnað löggreglunnar til þess að stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins o.fl. Lögð verður sérstök áhersla á baráttuna við skipulögð glæpasamtök með áherslu á ofbeldisglæpi, fíkniefnainnflutning, mansal og vændi. Tryggð verði áfram-haldandi starfræksla sérstaks rannsóknarhóps varðandi skipulagða glæpa-starfsemi á landsvísu með samvinnu ríkislöggreglustjóra og allra lögregluliða. Nýjustu og bestu tæknilausnir sem auðvelda og bæta störf löggreglunnar á þessum svíðum verði teknar í gagnið.
- Greiningardeild ríkislöggreglustjóra búi yfir mannafla til þess að tryggja reglubundna hættumatsgerð á svíði löggæslu- og öryggismála. Hvort heldur er almennt varðandi málaflokka, vegna einstakra rannsókna eða öryggis einstaklinga.
- Meðal mikilvægra verkefna löggreglunnar er rannsókn og uppljóstrun afbrota og vinna við að stöðva ólögmæta háttsemi. Stefna ber að einföldun rannsóknarferla og hraðari og skilvirkari rannsóknum afbrota. Úrræði í þessa veru er að almenn löggregla ljúki í auknum mæli rannsókn minni háttar mála en rannsóknardeildir einbeiti sér að þeim alvarlegrri.
- Alþjóðavæðing síðstu áratuga hefur ekki síður náð til skipulagðrar glæpastarfsemi sem annarra þáttu mannlífsins. Brýnt er að tryggja að íslensk löggregla hafi burði til þess að taka virkan þátt í alþjóðlegri samvinnu af hálfu löggreglunnar með sérstakri áherslu á norræna löggreglusamvinnu.
- Starf löggreglu við gæslu ytri landamæra og eftirlit með komu fólks til landsins verður efti í náinni samvinnu allra stofnana löggreglu og tollgæslu auk sérstakrar öryggisgæslu þar sem hennar er þörf.
- Fjárfesting í tæknimálum verði aukin með það að markmiði að bæta löggæslu, stytta afgreiðslutíma mála og auka réttaröryggi almennings.

Frá árinu 2008 hafa grunnfjárveitingar til löggreglu lækkað framreknað um 2,8 milljarða kr. og löggreglumönnum fækkað mikið. Löggreglumenn voru 712 í febrúar 2007 en hefur síðan þá fækkað um rúmlega 80 og voru 624 í febrúar 2012. Auk þess hefur aukavinna

dregist mikið saman sem leitt hefur til þess að færri eru á vakt á hverjum tíma.¹⁰ Að mati ríkislögreglustjóra þurfa lögreglumenn í landinu að vera að lágmarki 860.

Ohjákvæmilegt er að styrkja lögregluna og bæta rekstrargrundvöll hennar sérstaklega næstu fjögur ár með fjölgun almennra lögreglumannna og rannsóknarlögreglumannna, og að auki verði sérstaklega hugað að því að styrkja starfsemi greiningardeildar og heimildir og getu fjarskiptamiðstöðvar og samhæfingar- og stjórnstöðvar ríkislögreglustjóra á sviði almannavarna.

Jafnvel þó að raunhæft mat á þróun efnahagsmála á næstu árum gefi tilefni til þess að ætla að fjárveitingar til lögreglunar geti hækkað um 3% að raungildi á næstu fjórum árum, sem þýdir um 400 - 450 m.kr. hækjun á ári eða um 1.6 milljarða kr. á tímabilinu, leggur nefndin til við Alþingi að grunnfjárveitingar til lögreglunnar verði hækkaðar um a.m.k. 875 m.kr. á ári umfram verðlagshækkanir fjárlaga á næstu fjórum árum eða um 3,5 milljarða kr. á tímabilinu til þess að mæta nauðsynlegri fjölgun lögreglumannna, auka búnað lögreglunnar og menntun og þjálfun lögreglumannna í samræmi við stefnu þessa.

Löggæsluáætlun

Í ljósi þessarar stefnumörkunar verði unnin löggæslu- og verkefnaáætlun sem byggi á eftirfarandi samfélagslegum markmiðum:

- Að tryggja réttaröryggi og auka öryggiskennd borgaranna.
- Að lögreglan njóti almenns trausts.
- Að haldað sé uppi lögum og reglum.
- Að tryggja vandaða, skilvirka og réttláta málsmeðferð við rannsókn mála.
- Gagnsæ forgangsröðun verkefna lögreglu.
- Hagkvæm nýting fjár til löggæslumála.

Lögreglunni verði gert kleift að tryggja jafnan rétt borgaranna hvar sem er á landinu til sambærilegrar löggæslu og öryggis eftir því sem hægt er.

Við setningu tímasettra og mælanlegra undirmarkmiða verði höfð hliðsjón af skilgreiningu á grunnþjónustu lögreglunnar sem fram koma í skýrslu ríkislögreglustjóra frá október 2009 þar sem hlutverkum er skipt í öryggishlutverk, afbrotavarnahlutverk, rannsóknahlutverk, þjónustu- og hjálparhlutverk, aðstoðarhlutverk og samstarfshlutverk.

Löggæsluáætlunin innihaldi auk stefnu og markmiðasetningar, tím- og kostnaðargreinda verkefnaáætlun. Einstök markmið löggæsluáætlunar verði sett fram og útskýrð á sérstökum aðgerðalistu sem sætir árlegri skoðun og uppgjöri á árangri.

Fyrsta áhersla verði á að styrkja lögregluna utan höfuðborgarsvæðisins með áherslu á almenna löggæslu. Því næst að efla sérhæfðar deildir lögreglunnar á öllum sviðum og almenna löggæslu á höfuðborgarsvæðinu. Þannig verði fyrsta skrefið að tryggja brýnustu útkalls- og viðbragðspjónustu vegna öryggishlutverks lögreglunnar og síðan aðra grunnþjónustu lögreglunnar svo sem rannsóknir mála.

Ríkislögreglustjóri skal, á grunni árangurstjórnunarsamnings embættisins við innanríkisráðherra, gera árangursstjórnunarsamninga við einstaka lögreglustjóra. Hver samningur skal, á grundvelli löggæslu- og verkefnaáætlunar fyrir Ísland, mótaður af því umdæmi sem í hlut á.

¹⁰ Skýrsla um stöðu lögreglunnar, innanríkisráðuneytið 2012.

Gert er ráð fyrir því að markmið löggreglunnar séu þau sömu alls staðar. Engu að síður er gert ráð fyrir því að áhersla á mismunandi málaflokka geti verið ólik milli umdæma allt eftir eðli og umfangi löggæslunnar víðsvegar um landið.

Forgangsröðun

Fyrsta skrefið verður að tryggja brýnustu útkalls- og viðbragðsjónustu og síðan aðra grunnþjónustu löggreglunnar. Fjölgar þarf um 236 löggreglumenn á árunum 2014 til 2017 og mun það kosta um 2,4 millj.kr. Samhliða þarf að bæta verulega búnað löggreglunnar og þjálfun löggreglumanna og er áætlaður kostnaður tæplega 1,1 millj.kr. Ábyrgð á framkvæmd þessa er í höndum Alþingis, innanríkisráðherra, ríkislöggreglustjóra og Löggregluskóla ríkisins. Nánari útlistun á fjölda löggreglumanna hjá einstökum liðum og skiptingu fjárveitinga milli ára er að finna í fylgiskjöldum 1 og 2.

1. Forgangatriði eitt er að fjölgja almennum löggreglumönum sem annast útköll og almennt löggreglueftirlit og bæta nauðsynlegan búnað og þjálfun því tengdu.
 - a. Fyrsta áhersla verði á að efla löggregluna utan höfuðborgarsvæðisins með áherslu á almenna löggæslu. Fjölgad verður um 79 löggreglumenn. Áætlaður kostnaður við fjölgunina og búnað henni samfara er um 802 m.kr.
 - b. Því næst er lögð áhersla á fjölgun löggreglumanna við almenna löggæslu á höfuðborgarsvæðinu. Fjölgad verður um 55 löggreglumenn. Áætlaður kostnaður við fjölgunina og búnað henni samfara er um 561 m.kr.
2. Forgangatriði tvö er að styrkja sérhæfðar deildir löggreglunnar á öllum sviðum. Gert er ráð fyrir að fjölgja í rannsóknardeildum, sérdeildum sem starfa á landsvísu og í landamæradeild á Keflavíkurflugvelli.
 - a. Miðað við fækkun umdæma í 8 er gert ráð fyrir að rannsóknardeildir við öll átta liðin hafi getu til þess að sinna öllum rannsóknum. Geti sinnt rannsóknum alvarlegra mála svo sem rannsóknum á kynferðisbrotum o.fl. Einnig verði til staðar lágmarksgeta varðandi tæknirannsóknir á vettvangi svo sem ljósmyndun, fingrafaratóku o.fl. Auk þess hafi rannsóknardeildir burði til þess að sinna fyrirbyggjandi aðgerðum við að stemma stigu við afbrotum í samvinnu við almennar deildir embættanna, önnur lögreglulið og ríkislöggreglustjóra. Fjölgad verður í rannsóknardeildum, þ.m.t. greiningardeild ríkislöggreglustjóra, um 50 rannsóknarlöggreglumenn og er að áætlaður kostnaður 510 m.kr.
 - b. Fjölgad verður um 27 löggreglumenn í öðrum landsdeildum ríkislöggreglustjóra; almennavarnadeild, fjarskiptamiðstöð, sérsvéit og alþjóðadeild. Áætlaður kostnaður því samfara er um 281 m.kr.
 - c. Fjölgad verði um 14. löggreglumenn í landamæradeild á Keflavíkurflugvelli. Áætlaður kostnaður því samfara er um 143 m.kr.
 - d. Fjölgad verður um 8 löggreglumenn hjá LRH í tæknideild og tölvurannsóknum. Áætlaður kostnaður er um 81 m.kr.
 - e. Til þess að mæta aukinni þjálfunarþörf hjá löggreglu verður fjölgad um þrjá löggreglumenn hjá Löggregluskólanum til þess að sinna þjálfun löggreglumanna og áætlaður kostnaður er um 32 m.kr.

3. Forgangsatriði þrjú er að bæta búnað löggreglu og þjálfun löggreglumanna. Gert er ráð fyrir að verja 1,090 millj.kr. til þess á árunum 2014 til 2017. Komið verði á fastri skipan varðandi árlega þjálfun og búnaðarendurnýjun löggreglunnar.

Nefndin telur að verði ofangreind forgangsatriði unnin markvisst verði löggreglan betur í stakk búin til að takast á við hefðbundin löggreglustörf sem unnin hafa verið í áranna rás, ásamt því að takast á við nýjar aðstæður s. s. skipulagða glæpstarfsemi, hryðjuverkaógn, tjölgun kynferðisbrotamála, aukið álag vegna landamæraeftirlits svo sem í Flugstöð Leifs Eiríkssonar vegna aukins ferðamannastraums og fleiri slíkra atriða sem upp koma oft án mikils fyrirvara. Þannig verði löggæslan sterk og sveigjanleg til þess að takast á við störf sín.

Þannig er gert ráð fyrir að fjölga löggreglumönum um 236 á árunum 2014 til 2017 eða um 148 fleiri en voru 2007. Eru þá ekki taldir með þeir löggreglumenn sem nú starfa hjá sérstökum saksóknara við rannsóknir efnahagsbrota. Ekki liggur fyrir í dag hver skipan rannsókna efnahagsbrota verður til framtíðar en sérstök nefnd vinnur nú að stefnumótun á því sviði.

Auk þess er brýnt að styrkja ákærvaldið, ríkissaksóknara og saksóknara hjá löggreglustjórum. Álag hefur aukist mikil vegna aukins fjölda erfðra mála svo sem kynferðisbrotamála.

Fylgiskjal 1 með skýrslu – Skipting á lögreglulið

Áætlun um skiptingu 236 lögreglumanna milli lögregluliða.

Tafla 1 sýnir áætlun um fjölgun lögreglumanna hjá einstökum liðum. Hjá innanríkisráðuneytinu er unnið að gerð reiknilíkans sem tekur mið að fjölda íbúa, landfræðilegum þáttum svo sem varðandi byggð, íbúafjölda, vegalengdir, afbrotatölfræði o.fl. Um er að ræða fjölgun um 148 lögreglumenn frá þeim fjölda sem var 2007.

<u>Tafla 1</u> LÖGREGLULÍÐ	Fjöldi lögreglumanna 2007	Fjöldi lögreglumanna 2012	Fækkun frá 2007	Fjölgun um 236	Fjöldi í liðum eftir fjölgun
Höfuðborgarsvæðið	339	303	36	78	381
Suðurnes	85	77	8	39	116
Vesturland	30	23	7	16	39
Vestfirðir	20	19	1	8	27
Noðurland vestra	16	12	4	9	21
Norðurland eystra	47	40	7	20	60
Austurland	27	21	6	14	35
Suðurland	45	43	2	17	60
Ríkislögglustjóri*	94	79	15	32	111
Lögregluskólinn	9	7	2	3	10
	712	624	88	236	860

Tafla tvö sýnir hvernig fjöldi viðbótar skiptist á niður á lögregluliðin eftir starfssviðum.

Tafla 2

LÖGREGLULÍD	Fjölgun 2014-2017 eftir starfssviðum.			
	Rannsóknardeildir	Almennar deildir	Sérdeildir	Alls
Höfuðborgarsvæðið	15	55	8	78
Suðurnes	8	17	14	39
Vesturland	3	13		16
Vestfirðir	2	6		8
Noðurland vestra	2	7		9
Norðurland eystra	6	14		20
Austurland	3	11		14
Suðurland	6	11		17
Ríkislöggreglustjóri	5	18	9	32
Lögregluskólinn			3	3
	50	152	34	236

* Sérsvéit og fjarskiptamiðstöð ríkislöggreglustjóra eru taldar með almennri löggæslu. Fjölgun hjá ríkislöggreglustjóra skiptist þannig að gert er ráð fyrir fjölgun um 1 í stjórnsýsludeild og tölvudeild, 3 í alþjóðadeild, 4 á fjarskiptamiðstöð og almannavarna-deild, 5 í greiningardeild og 14 í sérsvéit en þar hefur orðið mest fækken frá 2008. Samtals er fjölgunin hjá ríkislöggreglustjóra um 32 lögreglumenn eða um 17 fleiri frá því sem var 2007.

Fylgiskjal 2 með skýrslu – Skipting milli ára

Áætlun um skiptingu kostnaðar einstakra ára.

Tafla 3 sýnir skiptingu kostnaðar við einstaka liði innan hvers árs. Gert er ráð fyrir að 3,5 millj. kr. skiptist jafnt á árin 2014 til 2017.

Tafla 3.	2014	2015	2016	2017	Alls
Efling almennrar löggreglu utan höfuðborgarsvæðis	201	201	200	200	802
Efling almennrar löggreglu á höfuðborgarsvæðinu	141	140	140	140	561
Fjölgun í rannsóknardeildum um 50 starfsmenn	128	128	127	127	510
Fjölgun í öðrum landsdeildum ríkislöggreglustjóra	70	70	71	70	281
Fjölgun í landamæradeild á Keflavíkurflugvelli	35	36	36	36	143
Fjölgun í tæknideild og tölvurannsóknum LRH	20	20	20	21	81
Fjölgun hjá Löggregluskóla ríkisins	16	16			32
Aukin búnaður og þjálfun löggreglumanna	264	264	281	281	1090
	875	875	875	875	3500

Áætlun um skiptingu fjölgunar milli ára.

Tafla 4 sýnir hvernig fjölgun löggreglumanna skiptist innan hvers árs. Gert er ráð fyrir sem jafnastri skiptingu milli ára þannig að nemanda fjöldi hjá Löggregluskólanum sé sem jafnastur.

Tafla 4	2014	2015	2016	2017	Alls
Efling almennrar löggreglu utan höfuðborgarsvæðis	20	20	19	20	79
Efling almennrar löggreglu á höfuðborgarsvæðinu	14	14	14	13	55
Fjölgun í rannsóknardeildum um 50 starfsmenn	13	13	12	12	50
Fjölgun í öðrum landsdeildum ríkislöggreglustjóra	7	6	7	7	27
Fjölgun í landamæradeild á Keflavíkurflugvelli	3	3	4	4	14
Fjölgun í tæknideild og tölvurannsóknum LRH	2	2	2	2	8
Fjölgun hjá Löggregluskóla ríkisins	1	2			3
	60	60	58	58	236

